

## Heimilisfræði 3.bekkur

Í heimilisfræði tengjast margir þættir sem snerta daglegt líf nemenda og þátt þeirra sem neytenda í nútímasamfélagi. Nemendur fá þjálfun í undirstöðubáttum heimilisstarfa svo að drengir og stúlkur geti tekið þátt í störfum heima fyrir og orðið sjálfbjarga um heimilisrekstur þegar þau yfirgefa foreldrahús.

Heimilisfræðin fæst við að auka þekkingu og leikni í heimilisstörfum og að stuðla að upplýstum og meðvituðum neytendum. Aðalinntaki heimilisfræðinnar má skipta niður í nokkra skylda námsþætti sem snerta daglegt líf nemenda. Þessir þættir eru næring og hollusta, matreiðsla og vinnubrögð, matvælafræði, hreinlæti, neytendafræði og umhverfisvernd.

Í heimilisfræði er fengist við bæði verklega og bóklega kennslu. Námið er hugsað í þrepum sem þyngjast stig af stigi þar sem farið er frá hinu einfalda til hins flókna, frá hinu nálæga og þekktu til hins fjarlæga og ókunna. Í upphafi náms er lögð áhersla á grundvallaratriði en með aukinni þjálfun og sjálfstæðum vinnubrögðum við verklegt og bóklegt nám þarf að gera auknar kröfur um skilning og leikni.

### Hæfnimiðmið

Nemendur:

- öðlist þekkingu á því hvers vegna sumar fæðutegundir eru hollar og aðrar óhollar,
- geti gert greinarmun á hollum og óhollum drykkjarvörum,
- þekki algeng eldhúsáhöld og viti til hvers þau eru notuð,
- geti mælt í heilum og hálfum dl og notað allar mæliskeiðarnar,
- fái þjálfun í að hreinsa, flysja, skera og rífa niður grænmeti,
- læri um mikilvægi hreinlætis við matreiðslustörf (hendur, matvæli, áhöld, borðklútur),
- þjálfist í að þvo upp í höndum samkvæmt hreinlætiskröfum,
- þekki hugtakið umhverfisvernd,
- kynnist því hvaða störfum þarf að sinna á heimilum og hver ber ábyrgð á þeim,
- temji sér að taka tillit til og virða skoðanir annarra.
- 

### Kennsluhættir

Bekkjunum er skipt í fimm hópa og kemur hver hópur tvisvar í viku í 14 skipti. Nemendur vinna einstaklingslega eða í hópavinnu.

### Námsmat

Mat byggt á virkni nemenda, áhuga og hegðun.

### List og verkgreinar

Menntun í list- og verkgreinum felst í því að nemendur vinna verklega og skapandi vinnu þar sem reynir á huga, hjarta og hönd. Námið byggir á þjálfun í ákveðnum þáttum þar sem mismunandi kennsluaðferðir eru notaðar. Námið reynir á sjálfstæð vinnubrögð nemenda, samvinnu, fjölbreyttar vinnuaðferðir og hvernig á að koma hugmynd í verk. Mikilvægt er að námið sé stígandi eftir getu nemandans. Samþætta námið við daglegt líf með áherslu á verkferlið og upplifunina.

**Læsi** - Nemendur geri sér grein fyrir hvar áhugi þeirra liggur á sviði list- og verkgreina og séu meðvitaðir um að í þessum greinum séu fjölbreyttir náms- og atvinnumöguleikar. Nemendur þekki undirstöðuratríði hvorrar greinar og kynnist fjölbreyttum vinnuaðferðum. Nemendur þekki helstu hugtök og heiti hvorrar greinar og geti notað þau verkfæri sem til þarf.

Nemendur séu virkir þáttakendur. Mikilvægt er að við sköpum nemendum aðstæður og tækifæri fyrir eigin hugmyndir og hæfileika til sköpunar í tengslum við nær umhverfi og menningu. Nemendur tileinki sér læsi á mismunandi menningu, form, myndir, heilsu og næringu, líkamstjáningu, tilfinningar sínar og annara, tækni, umhverfi o.fl. Nemendur geti sagt frá og þekki hvaða efni þeir eru að vinna með.

**Sjálfbærni** - Nemendur séu virkir þáttakendur í sínu eigin námi. Nemendur takist á við margvísleg fjölbreytt verkefni í tengslum við umhverfið sitt.

**Lýðræði og mannréttindi** - Stúlkur og drengir hafi jafna möguleika til náms í list- og verkgreinum. Nemendur bera ábyrgð á eigin verkum. Nemendur beri virðingu fyrir öðrum nemendum, skoðun þeirra og eigin umhverfi. Nemendur fá tækifæri til að þroskast í list- og verkgreinum á eigin forsendum.

**Heilbrigði og velferð** - Að nemendum líði vel og tekið sé tillit til þarfa hvers og eins. Að efla styrkleika hvers og eins nemenda. Að samskipti séu góð. Hreinlæti sé gott.

**Sköpun** - Nemendur efli þekkingu sína og geti tengt við fyrri þekkingu og skapað þannig nýja. Að nemendur fái aukið val til að sýna frumkvæði í eigin verkefnavali. Nemendur fái að kanna, njóta, spyrja spurninga, smakka, virkja ímyndunaraflíð og prófa. Nemendur læri í gegnum leik.